



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegí 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. desember 2013

Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2014

- Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 50 ma.kr. að söluvirði árið 2014.
- Áætlað er að hrein útgáfa ríkisbréfa verði 25 ma.kr. á árinu.
- Fyrirhuguð útgáfa á nýjum óverðtryggðum flokki ríkisbréfa með gjalddaga árið 2020.
- Áætlað er að staða ríkisvixla verði 30 ma.kr. í árslok 2014.
- Skuldabréf Seðlabanka Íslands verði greitt niður um 5 ma.kr.
- Áfram verður unnið að því að byggja upp aðgengi að alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.

Inngangur

Hrein innlend lánsfjárpörf er áætluð 18 ma.kr. árið 2014 að teknu tilliti til 4,5 ma.kr. framlags til styrkingar eiginfjárstöðu Íbúðalánasjóðs. Framlagið verður greitt með afhendingu skuldabréfs til sjóðsins. Í mars er á gjalddaga flokkur ríkisbréfa, RIKB 14 0314, að fjárhæð 25 ma.kr. og á næstu 6 mánuðum eru flokkar ríkisvixla á gjalddaga fyrir um 22 ma.kr. Aðrar innlendar afborganir ársins nema 15 ma.kr., þar af er áætlað að 5 ma.kr. fari til lækkunar höfuðstóls skuldabréfs sem ríkissjóður gaf út til endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands. Einnig er gert ráð fyrir uppkaupum á RIKS 15 1001 fyrir 1 ma.kr. Innlend lánsfjárpörf ríkissjóðs er því um 80 ma.kr. árið 2014.

Lánsfjárpörfinni verður mætt með útgáfu ríkisbréfa fyrir um 50 ma.kr. að söluvirði¹ og útgáfu ríkisvixla fyrir um 30 ma.kr. Áætluð hrein útgáfa ríkisbréfa verður 25 ma.kr.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð „clean price“ þ.e. verð án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Innlend lánsfjárbörf 2014

<i>Fjárhæð í ma.kr.</i>		
Hrein innlend lánsfjárbörf		18
Innlausn og afborganir		62
Ríkisvixlar	22	
Ríkisbréf	25	
Önnur lán og uppkaup	15	
Innlend lánsfjárbörf		80
Lántaka		80
Ríkisvixlar	30	
Ríkisbréf	50	

Útgáfuáætlanir fyrir hvern ársfjórðung verða birtar síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum koma fram upplýsingar um áætlaða heildarútgáfu, þá skuldabréfaflokka sem verða í boði og áætlað útgáfumagn hvers flokks að hámarki. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2014 er birt samhliða þessari ársáætlun.

Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins 2013-2016 var birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu í mars. Hún endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Útgáfa á árinu 2013

Útgáfa ríkisverðbréfa á árinu 2013 gekk vel að því undanskildu að markmið um útgáfu ríkisvixla gekk ekki eftir. Í upphafi árs 2013 var tilkynnt um 90 ma.kr. útgáfu ríkisbréfa og var því markmiði náð í lok september. Markmiðið var að staða ríkisvixla yrði 40 ma.kr. að nafnverði í árslok en reyndin varð 22 ma.kr. Á árinu var gefinn út nýr óverðtryggður tveggja ára flokkur, RIKB 15 0408.

Útgáfa ríkisbréfa nam 94 ma.kr. að nafnverði, þar af voru 87 ma.kr. í almennum útboðum og 7 ma.kr. í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands. Í almennum útboðum var gefið út í RIKB 31 0124, fyrir um 34 ma.kr., þá í RIKB 22 1026 fyrir um 27 ma.kr., í RIKB 15 0408 fyrir um 23 ma.kr. og í RIKB 14 0314 fyrir um 3 ma.kr.

Á árinu féll RIKB 13 0517 á gjalddaga að fjárhæð 83 ma.kr. Veginn lánstími innlenda og erlenda lánasafnsins var í lok árs 6,3 ár samanboreið við 6,4 ár árið áður.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Einu afborganirnar af erlendum lánum ríkissjóðs á árinu 2013 voru af svokölluðu Avens láni að andvirði 4,8 ma.kr. Það var gefið út til að fjármagna kaup á skuldabréfum í eigu Landsbankans í Lúxemborg sem voru veðsett Seðlabanka Evrópu (ECB) í Lúxemborg. Lánið er afborgunarbréf með breytilegum vöxtum og með lokagjalddaga árið 2025.

Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa

Þann 14. mars 2014 fellur á gjalddaga óverðtryggði flokkurinn RIKB 14 0314, að nafnvirði um 25 ma.kr.

Á árinu mun flokkurinn RIKB 16 1013 taka við RIKB 15 0408 sem nýr tveggja ára flokkur. Flokkarnir RIKB 19 0226 og RIKB 25 0615 eru báðir um 87 ma.kr. stærð eru því að nálgast efri útgáfumörk sem er 100 ma.kr. Því hefur verið ákveðið að gefa út nýjan flokk ríkisbréfa með gjalddaga árið 2020. Hann verður byggður upp á næstu árum sem 5 ára markflokkur og síðar sem 2ja ára markflokkur. Útgáfa í öðrum flokkum fer eftir markaðsaðstæðum og verður tilkynnt í ársfjórðungsáætlunum á árinu.

Útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa

Ríkisbréfaflokkurinn RIKS 21 0414 er eini verðtryggði flokkurinn með viðskiptavakt. Staða flokksins ásamt áföllnum verðbótum er um 70 ma.kr. að nafnvirði. Möguleiki er á frekari stækkun flokksins en aðaláhersla verður þó sem fyrr á útgáfu óverðtryggðra markflokka.

Útgáfa ríkisvixla

Fyrirkomulag útgáfu ríkisvixla verður með sama hætti og síðastliðin tvö ár. Mánaðarlega verður gefinn út nýr 6 mánaða ríkisvixill með möguleika á stækkun eftir 3 mánuði.

Mikilvægt er að ríkissjóður hafi sveigjanleika í vixlaútgáfu til að mæta tímabundnum sveiflum í tekjum og útgjöldum innan ársins. Því er ekki útilokað að vixlar með öðrum tímalengdum verði gefnir út á árinu. Stefnt er að því að staða ríkisvixla aukist um 8 ma.kr. á árinu og verði 30 ma.kr. í árslok

Uppkaup - skiptiútboð

Haldið verður áfram að kaupa upp spariskírteinaflokkinn RIKS 15 1001 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa en útistandandi fjárhæð er um 27 ma.kr. að markaðsvirði. Áætlanir gera ráð fyrir uppkaupum í flokknum fyrir allt að 1 ma.kr. Flokkurinn er ekki með viðskiptavakt og telst því ekki til markflokka.

Til greina kemur að halda skiptiútboð þar sem eigendum ríkisbréfa, sérstaklega RIKB 14 0314 sem fellur í gjalddaga á árinu 2014, verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Einnig er möguleiki á uppkaupum og skiptiútboðum á ómarkaðshæfum flokkum.

Gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands hefur tilkynnt að hann verði með gjaldeyrisútboð 4. febrúar og 18. mars nk. Ríkissjóður mun áfram bjóða verðtryggða flokkinn RIKS 33 0321 í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans í skiptum fyrir evrur. Staða flokksins með áföllnum verðbótum er 31 ma.kr.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Seðlabankabréf

Árið 2008 gaf ríkissjóður út verðtryggt skuldabréf til fimm ára til að endurfjármagna Seðlabanka Íslands eftir fall viðskiptabankanna. Staða lánsins ásamt verðbótum er nú um 171 ma.kr. Lánið er á gjalddaga 1. janúar 2014 en ákveðið hefur verið að framlengja því til eins árs. Í áætlunum næsta árs er gert ráð fyrir að á árinu muni greiðsla inná höfuðstól bréfsins nema um 5 ma.kr.

Ársfjórðungsáætlun

Í lok hvers ársfjórðungs verður tilkynnt hvaða flokkar verða boðnir út á komandi ársfjórðungi. Ákvörðun um flokka og magn tekur mið af fjárþörf ríkissjóðs og markaðsaðstæðum. Ef breytingar verða gerðar á ársáætlun verða þær kynntar í ársfjórðungsáætlunum.

Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands

Staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands var um 84 ma.kr. um síðustu mánaðamót sem endurspeglar sterka lausafjárstöðu. Að auki á ríkissjóður að jafnvirði um 325 ma.kr. á innlendum gjaldeyrisreikningum hjá Seðlabankanum. Framangreindar innstæður duga til að þess að fjármagna 70% af öllum útgjöldum ríkissjóðs á einu ári.

Erlend lán

Á árinu 2014 er skuldabréfaútgáfa á gjalddaga að andvirði 200 milljónir Bandaríkjadala sem jafngildir um 23 ma.kr. Einnig er á gjalddaga 4,8 ma.kr. af Avens láni.

Í samræmi við stefnu ríkissjóðs í lánamálum er stefnt að reglulegum útgáfum á alþjóðlegum mörkuðum á næstu árum ef markaðsaðstæður leyfa. Ef ákveðið verður að taka erlent lán á árinu 2014 þá verður það nýtt til endurfjármögnunar eldri lána í erlendri mynt.

Tímasetningar útboða og nánari útfærsla

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Einu sinni til tvisvar í mánuði verða boðin út ríkisbréf og einu sinni í mánuði ríkisvixlar og eru þessir dagar merktir sérstaklega inn á útboðsdagatal Lánamála ríkisins og á vefsíðunni lanamal.is.

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðurnar lanamal.is og bonds.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki Íslandsbanki Landsbankinn MP banki Straumur fjárfestingabanki

Frekari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson hjá Lánamálum ríkisins í síma 569 9600.